

Jarðhitafélag Íslands

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2012 - 2013

Aðalfundur 30. apríl 2013

Ágætu félagsmenn,

Að baki er viðburðaríkt ár í jarðhitageiranum ...

1. Starfsemi stjórnar JHFÍ

Á aðalfundi Jarðhitafélags Íslands 2010 var Jakob S. Friðriksson kjörinn formaður félagsins og þeir Bjarni Pálsson, Ásgeir Margeirsson og Sigurður M. Garðarsson kjörnir stjórnarmenn, allir til tveggja ára.

Á síðasta aðalfundi félagsins, þann 17. apríl 2012, gengu Ásgeir Margeirsson og Sigurður M. Garðarsson úr stjórn félagsins. Jakob S. Friðriksson, fráfarandi formaður, gaf kost á sér sem stjórnarmaður og Bjarni Pálsson, fráfarandi varaformaður, gaf kost á sér í formennsku. Auk þeirra voru þau Kristín Vala Matthíasdóttir, efnaverkfræðingur hjá HS Orku, og Magnús Þór Jónsson, prófessor við verkfræðideild Háskóla Íslands kjörin ný í stjórn félagsins til 2 ára.

Þeir Claus Balzus, Magnús Ólafsson og Gústaf Adolf Skúlason voru kjörnir í stjórn félagsins til tveggja ára á aðalfundi 2011 og sátu því áfram.

Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson voru kosnir til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins og Oddur B. Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

Ný stjórn skipaði með sér verkum með þeim hætti að auk Bjarna Pálssonar formanns var Kristín Vala Matthíasdóttir valin sem varaformaður, Gústaf Adolf Skúlason ritari, Claus Ballzus gjaldkeri og Magnús Ólafsson, Magnús Þór Jónsson og Jakob S. Friðriksson meðstjórnendur.

Starfsemi stjórnar var með hefðbundnu sniði. Haldnir voru 7 fundir og var mestum kröftum stjórnar beint að haust- og vorfundum félagsins.

2. Starfsemi Jarðhitafélags Íslands

Í starfsemi Jarðhitafélags Íslands starfsárið 2012-2013 ber einkum fernt á góma, vorfundur 2012, haustfundur 2012 og nú vor- og aðalfundur 2013. Einnig var veittur í þriðja sinn styrkur til jarðhitana í doktorsnámi til að kynna verkefni á erlendri ráðstefnu.

Vorfundur JHFÍ 2012

Vorfundur Jarðhitafélags Íslands 2012 var haldinn þann 17. apríl í húsakynnum Arion Banka, að loknum aðalfundi félagsins. Bar hann yfirskriftina *Jarðhitanyting: ávinningur og verkefni framundan*.

Á fundinum kynnti Dr. Daði Már Kristófersson, dósent í auðlindahagfræði við Háskóla Íslands, mat á þjóðhagslegum ávinningi af jarðhitanytingu. Annars vegar bar Daði Már saman kostnað af húshitun með jarðvarma við húshitun með olíu, en olúkynding var útbreidd áður en farið var í uppbyggingu

jarðvarmaveitna, en hins vegar við húskyndingu með raforku, sem næst hagstæðasta orkumiðlinum um þessar mundir. Tekið var tillit til eftirspurnarfalls, þ.e. að líklega væri dregið úr orkunotkun ef notast væri við dýrari orkugjafa. Þá lagði Daði mat á ávinning af notkun jarðvarma til raforkuframleiðslu og iðnaðar. Niðurstaða Daða Más var að umfang þjóðhagslegs ávinnings af jarðhitánýtingu á árinu 2010 hefði verið á bilinu 55-95 milljarðar króna.

Seinni hluta vorþingsins fluttu fulltrúar Rarik, HS Orku, Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar yfirlit yfir jarðhitaverkefni á döfinni hjá fyrirtækjunum.

Sköpuðust líflegar umræður um erindin og héldu þær áfram að formlegri dagskrá lokinni yfir kaffiveitingum í boði Arion banka. Fundinn sóttu rúmlega 70 manns.

Haustfundur Jarðhitafélags Íslands

Haustfundur JHFÍ var haldið í Orkugarði 2. október sl. Fundurinn bar yfirskriftina *Ísland og Jarðhitaskóli Sameinuðu Þjóðanna* og var tileinkaður Dr. Ingvari Birgi Friðleifssyni. Fundurinn hófst á því að dr. Ingvar Birgir var útnefndur heiðursfélagi Jarðhitafélags Íslands. Í kjölfarið fylgdu 7 erindi samstarfsmanna og nemenda Ingvars í gegnum árin. Bar þar hæst erindi Dr. Össurar Skarphéðinssonar, utanríkisráðherra, sem bar yfirskriftina *Jarðhitaskólinn og utanríkismál – þróunaraðstoð Íslands*.

Ferðastyrkir JHFÍ til íslenskra doktorsnema

Á aðalfundi JHFÍ árið 2010 var samþykkt að næstu þrjú ár, 2010-2012, myndi félagið styrkja árlega íslenskan doktorsnema í jarðhitatengdum fræðum um allt að kr. 350.000, til að sækja alþjóðlega jarðhitaráðstefnu. Að þessu sinni bárust 5 umsóknir sem allar voru sterkar og valið því ánægjulegt en erfitt. Niðurstaðan varð að veita styrkinn að þessu sinni Lilju Magnúsdóttur, doktorsnema við Stanford háskóla í Kaliforníu. Doktorsverkefni Lilju er á sviði forðafræðirannsókna og hefur hún þótt standa sig afskaplega vel í því námi, en hún hyggst kynna niðurstöður rannsókna sinna á ráðstefnu Evrópska Jarðhitasambandsins í Písa í byrjun júní.

Stjórn JHFÍ leggur nú til í ljósi sterkrar fjárhagstöðu að veita einum doktorsnema og 1-2 meistaranema allt að 500 þúsund krónur í ár til að kynna niðurstöður verkefna sinna á viðurkenndum ráðstefnum erlendis, en sú tillaga verður nánar kynnt við umræðu um fjárhagsáætlun félagsins fyrir starfsárið 2013-2014.

3. Annað á döfinni í íslenska jarðhitaheiminum

Mikil gróska hefur verið á starfsárinu í kringum starfsemi jarðhitaklasanna tveggja, GEORG og Iceland Geothermal sem stundum hafa verið kallaðir „push“ og „pull“ klasarnir.

Hæst bar alþjóðlega ráðstefna Iceland Geothermal Conference 2013 sem haldin var í Hörpu dagana 6.-7. mars sl. og var sótt af um 600 manns, þar af um 200 erlendum gestum. Ræðumenn voru 55 frá rúmlega 20 þjóðlöndum og má þar nefna Gunther Ottinger, orkumálaráðherra Evrópusambandsins, Dr. Sri Indrawati, aðstoðarforstjóra World Bank og prófessor Roland Horne, forseta Alþjóðajarðhitasambandsins, svo einhverjir séu nefndir.

Í tengslum við IGC voru haldnir all margir formlegir og óformlegir alþjóðlegir jarðhitaviðburðir og má þar nefna:

- IPGT: Stýrihópsfundur og Seminar um notkun jarðeðlisfræðiaðferða við jarðhitaleit
- IRENA: 2 daga málstofa um möguleika jarðhitavinnslu í Mið- og Suður Ameríku
- EEA Grants Program: 2 daga vinnufundur
- Og fleiri smærri viðburðir

Starfsemi alþjóðlega rannsóknarklasans GEORG var áfram fjölbreytt og kröftug. GEORG kom með mjög virkum þætti að skipulagningu 2-3 stórra alþjóðlegra rannsóknarverkefna sem munu nýtast íslenskum jarðhitavísindamönnum vel og má þar einkum nefna verkefnið Djúpar rætur háhitakerfa (Deep Roots of Geothermal Systems).

Þá vil ég nefna röð 5 vikulegra málþinga sem GEORG stendur fyrir um þessar mundir og kallast *Frá úrgangi til verðmæta – Meðhöndlun og nýting á affalli og útblæstri jarðvarmavirkjana – Hvernig getur GEORG hjálpað?*

Á vettvangi hitaveitna má nefna borun hitaveituholu við Höfn, sem gefur mjög jákvæðar vísbendingar og stækkun á Siglufirði.

Svokölluð Rammaáætlun var samþykkt á Alþingi í janúar. Þar er lögð mun meiri áhersla á uppbyggingu jarðvarmavirkjana en vatnsaflsvirkjana. Þar er jarðhitageiranum sýnt mikið traust. Hörð gagnrýni á jarðvarmanýtingu sem fylgt hefur í kjölfarið er hvatning fyrir jarðhitageirann um að leggja enn harðar að sér við að lágmarka umhverfisáhrif.

4. Lokaorð

Á þessum fundi lýkur kjörtímabili Claus Balzus, gjaldkera, Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara, og Magnúsar Ólafssonar, meðstjórnenda en þeir hafa allir tekið áskorun um gefa áfram kost á sér í stjórn félagsins. Hins vegar hefur Jakob S. Friðriksson ákveðið að segja sig úr stjórn félagsins. Jakob kom inn stjórn félagsins á aðalfundi 2010 og var formaður þess 2010-2012. Vil ég fyrir hönd stjórnarinnar þakka Jakobi fyrir starf fyrir félagið sl. þrjú ár. Ég vil þakka öllum stjórnarmönnum samstarfið á liðnu starfsári og sérstaklega þakka ég Gústaf Adolf Skúlasyni fyrir ósérhlífni í störfum sínum fyrir félagið.

Fjármál félagsins eru með ágætum og verða rædd undir sérstökum dagskrárlið hér á eftir.

Félagið hóf rafræna bankainnheimtu félagsgjalda vegna ársins 2011, útgáfa reikninga þeirra vegna dróst nokkuð vegna tæknilegra örðugleika og vegna þess að uppfæra þurfti félagaskrá með því að safna kennitölum viðkomandi. Það er einlæg trú stjórnar að innheimta félagsgjalda í framtíðinni verði einfaldari með þessu móti og auðveldi vinnu þeirra sem að málinu koma.

Það er hins vegar áhyggjuefni hve fáir hafa sótt um aðild að félaginu. Jarðhitafélag Íslands hefur haldið úti vettvangi hagsmunaaðila og áhugafólks um jarðhita til skoðanaskipta, haust- og vorfundi félagsins. Alltaf er að nógu af taka til umræðu á fundunum og erfitt að velja á milli umfjöllunarefna. Mörg hagsmunamál tengd jarðhita og nýtingu hans eru í deiglu og hafa verið um langa hríð. Það er okkar einlæga von að félagsmenn og aðrir áhugamenn um málefni jarðhitánýtingar sjá hag sínum borgið innan raða félagsins.

Að lokum vil ég þakka fyrir samstarfið á starfsárinu sem er að líða.

Fyrir hönd stjórnar Jarðhitafélags Íslands, Bjarni Pálsson, formaður